



Reykjavík, 08.02.2017

/

Akraneskaupstaður, b.t. sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs,
Stillholti 16-18,
300 Akranes.

Efni: Umsögn Veitna um aðalskipulagsbreytingu miðsvæðis við Dalbraut og Þjóðbraut

Vísað er í bréf Akraneskaupstaðar dags. 26. janúar 2017 þar sem óskað er umsagnar Veitna um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna breyttrar afmörkunar miðsvæðis M4 í aðalskipulagi.

Almennt um veitulagnir

Þróun byggðar, landnotkun og landnýting á einstökum svæðum ræður mestu um skipulagningu og uppbyggingu veitukerfa. Samhliða þettingu byggðar og aukinni áherslu sveitarfélaga á vistvæna umferð gætir tilhneicingar til að þrengja göturými og auka nýtingarhlutfall m.a. með því heimila byggingar að lóðamörkum. Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi þarf að gæta þess að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi og að Veitur komi að gerð skipulagsins framarlega í skipulagsferlinu og fái tækifæri til að fylgja því allt til samþykktar. Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitulagna auk lóða fyrir mannvirki Veitna.

Fráveita

Veitur reka einfalt fráveitukerfi á svæðinu í kringum Dalbraut, sem þýðir að regnvatn frá götum og lóðum og skólp frá húsum blandast saman í eina lögn sem rennur í átt að hreinsistöð. Þar sem uppbygging er í hverfum, þar sem einfalt fráveitukerfi er til staðar, er mikilvægt að reyna að losa sem mest af ofanvatni úr blandlögninni, því það er bæði dýrt til frambúðar að dæla regnvatni sem þarf ekki að fara í gegnum hreinsistöð og það eykur álag á fráveitukerfið sem getur orðið til þess að kerfið yfirfyllist og annar ekki flutningi frá svæðinu. Veitur óska því eftir að sem mest af regnvatni verði haldið eftir innan lóðar. Því regnvatni sem ekki er unnt að halda eftir þarf að beina í átt að hringtorgi við suðurhluta svæðisins, þ.a. Veitur geti í framtíðinni náð að losa það eftir regnvatnslögnum niður Faxabraut og út í sjó.

Virðingarfyllst,

f.h. Veitna
Anna Nielsen
anna.nielsen@veitur.is

